

9. Framvarp

til laga um mentamálanefnd Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Eftir alþingiskosningar skal í sameinuðu Alþingi kjósa með hlutbundnum kosningum þriggja manna nefnd, er starfar alt kjörtímabilið og kallast mentamálanefnd Íslands. Hlutgengur í nefndina er hver islenskur borgari, sem hefir kosningarrjett til Alþingis og er búsettur í Reykjavík, eða svo nærri bænum, að hann eigi auðvelt með að sækja þangað daglega fundi. Nefndin skiftir sjálf með sjer verkum í byrjun hvers kjörtímabils, og starfar endurgjaldslaust, nema öðruvísi sje ákveðið með fjárlögum.

2. gr.

Hlutverk mentamálanefndar Íslands er:

- a. Að úthluta árlega því fje, sem Alþingi veitir til viðurkenningar skáldum og listamönnum.
- b. Að kaupa fyrir landsins hönd listaverk fyrir það fje, sem kann að vera veitt í því skyni á fjárlögum.
- c. Að hafa yfirumsjón með listaverkasafni landsins og undirbúa, eftir því sem unt er, byggingu listasafns í Reykjavík.
- d. Að kaupa altaristöflur handa kirkjum, allra þjóðkirkjusafnaða, eftir því sem fje er til þess lagt frá hlutaðeigendum.
- e. Að úthluta námsstyrk er árlega greiðist úr ríkissjóði til stúdenta og annara nemenda erlendis. Skal nefndin við úthlutun námsstyrks veita fyrst og fremst til þess náms, sem sýnilega er mest þörf fyrir í landinu, og sje útaf þeirri reglu brugðið, þá að eins þar sem um alveg óvenjulega sjerhæfileika er að ræða. Að öðru leyti skal við úthlutun þessa námsstyrks farið eftir hæfileikum nemenda, dugnaði og reglusemi. Nefndin skal, eftir fremsta megni, með aðstoð sendimanna Íslands erlendis, hafa eftirlit með að styrkþegar fari vel með fje sitt og tíma, og sje sannanlega útaf brugðið, getur nefndin svift þá framhaldsstyrk.
- f. Að úthluta ókeypis fari milli Íslands og annara landa til manna, sem fara til útlanda til alþjóðargagns.
- g. Að hafa á hendi yfirstjórn sjóða, er stofnaðir kunna að verða með sjerstökum lögum til eflingar lista og vísinda á Íslandi, enda sje mentamálanefnd falið þetta vald í stofnskrám sjóðanna.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll eldri lög og fyrirmæli, er fara í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Með frv. þessu er ætlast til að skapa meira samhengi og yfirlit, en áður hefir verið um nokkrar mikilsverðar, andlegar framkvæmdir í landinu. Þingkosinni nefnd, sem að öllum líkindum yrði varanleg, og þar sem fulltrúar úr öllum aðalflokkum þingsins ættu sæti, er þjer með falin umsjón með útblutun listamanna- og skáldastyrks, og nokkur önnur skyld störf. Hefir margt verið frestað í þessu efni. Eitt sinn veitti þingið sjálf skáldalaun á fjárlögum, og eru til margar lítið ánægjulegar þingræður um verðleika skálda, t. d. Þorsteins Erlingssonar og Einars Kvaran, frá þeim tímum. Þá hefir stáskiftandi stjórnun, sem oft hafa lítinn áhuga fyrir listum og vísindum verið falið að fara með þetta vald. Hefir það ekki reynst allskostar heppilegt heldur. Má í því efni benda á, að málverkasafn landsins hefir í nokkuð mörg ár, ekki eignast eitt einasta listaverk eftir frægasta málara landsins, Ásgrím Jónsson. Með því að seta starfið nefnd, sem valin er af öllum flokkum, og starfar þó að minsta kosti heilt kjörtímabil, má vænta þess, að betur verði fyrir málum þessum sjóð, en áður hefir verið.

Nú sem stendur er það litla, sem landið á af listaverkum, aðallega geymt í þingbúsinu og ráðherrabústaðnum. Sjálfsagt framtíðartakmark er að landið eignist sjálfstætt listasafn og er nefndinni ætlað að hafa forustu um rannsókn og undirbúning þess máls.

Sú óvenja hefir komist á, að fleiri og færri altaristöflur eru árlega keyptar erlendis í íslenskar kirkjur, oftast eftir litilfjörlega listamenn. Engin slík tafli stendur í nokkru sambandi við íslenskt þjóðlíf. Þessi óvenja verður að hætta og er þess vænst, að íslenskir listamenn geti framvegis bætt úr þessari þörf.

Fram að þessu hefir algerlega skort framsýni og skipulag um úthlutun námsstyrks erlendis, bæði handa stúdentum og öðrum. Sökum þessa fyrirbyggjuleysis er nú til mikill fjöldi ungra verkfræðinga, sem ekkert fá þjer að gera, og landið hefir styrkt. Hinsvegar vantar forustu við byggingu algengra íbúðarhúsa. Ungar menningarþjóðir, t. d. Japanar, láta sendisveitir sínar hafa eftirlit með starfi námsmanna sinna, er ríkið kostar í öðrum löndum og sýnist það eðlileg venja.

Þar sem landið styrkir Eimskipafjelag Íslands nú mjög mikið, og gerir það væntanlega framvegis, færi vel á að fjelagið léti þingið fá til umráða ákveðna tölu ókeypis farseðla ár hvert, handa mönnum, sem beint eða óbeint fara utan í landsins þjónustu, en nú fara slíkir menn oft á landsins kostnað með erlendum skipafjelögum. Auk þess gæti landið á þennan hátt, oft greitt fyrir fræðimönnum, ípróttamönnum, skáldum og listamönnum, sem þurfa að eiga kost á að komast til útlanda við og við.

Í öðru frv., sem þingið í velur fær til meðferðar, verður lagt til að stofna sjóð til eflingar listum og vísindum í landinu, og er ætlast til að hann standi undir yfirumsjón mentamálanefndar Íslands.